

Öruggar mjaltir – forðist lyfjaleifar í mjólk

Fyrirbyggja má lyfjaleifar í mjólk með skipulögðum vinnubrögðum um merkingu, skráningu og sérmjöltun kúa í lyfjameðferð.

1. Merking



Merkja skal kýrnar fyrir meðferð:

- Sýni kýrin merki um veikindi á ætíð að merkja hana.
- Merkið ætíð meðhöndlaðar geldkýr.



Setjið ætíð merki á báða afturfætur:


- Merki getur losnað af fæti.
- Eitt stakt merki getur yfirsést við mjaltir.



Í fjósum með mjaltapjóna á að merkja kúna með áberandi bandi á halanum. Gætið þess að vefja ekki of fast.

Látið dýralækni vita um númer kýrinnar og staðsetningu í fjósinu. Einungis merktar kýr má meðhöndla.

2. Skráning



Við meðferð á að skrá alla notkun lyfja:


- Safnið í möppu öllum pappírnum um meðferðina.
- Skráið alla lyfjanotkun í heilsufarsdagbók eftir hverja meðferð.
- Allar skráningar þurfa að vera aðgengilegar.



Gerið öllum það sýnilegt að kýrin er í lyfjameðferð og að mjólk úr henni megi ekki fara saman við sölumjólkina með því m.a. að skrá það á töflu sem sýnileg er frá mjaltaaðstöðu.

Við breytingar á að uppfæra upplýsingar án tafa.

Óhöpp verða oft vegna misskilnings.



Þar sem notuð eru tölvuforrit sem tengd eru mjaltatækjunum:

- Skráið sérmjöltun um leið og ákveðið hefur verið að skoða kúna.
- Skráið nákvæmlega þann tíma sem kýrin er í lyfjameðferð og útskolunar-tíma.

3. Sérmjöltun



Besta aðferðin við sérmjöltun er að nota vélhötu með sérstökum mjaltatækjum og sogskipti.

Undirþrýstingur fyrir mjaltafötuna á alltaf að tengjast sogleiðslunni, aldrei mjólkurlögninni.



Sérmjöltun í vélhötu án aðskilinna mjaltatækja og sogskiptis er vandaverk ef forðast á mengun sölumjólkurinnar.

Þvíð mjaltatækin, mjólkurslöngurnar og annan útbúnað, sem lyfjablandaða mjólk hefur farið um, með heitu vatni fyrir frekari notkun.



Ef óhapp verður:

- Hafið samband við mjólkurbúið.
- Tæming tanksins skal stöðvuð. Setjið sérstakt skilti á tankinn til viðvörunar fyrir mjólkurbílstjóran um að tæma tankinn ekki.
- Fargið mengaðri mjólk í haughús.
- Þvíð tankinn áður en hann er notaður aftur.